



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Heyrnarlausir í Úganda og á Íslandi

Samanburður á stöðu heyrnarlausra í Úganda og á Íslandi

Ritgerð til B.A.-prófs

Iðunn Ása Óladóttir

Maí 2010

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Táknmálsfræði og táknmálstúlkun

Heyrnarlausir í Úganda og á Íslandi

Samanburður á stöðu heyrnarlausra í Úganda og á Íslandi

Ritgerð til B.A.-prófs

Iðunn Ása Óladóttir

Kt.: 240686-2449

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir

Maí 2010

Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að rannsaka muninn á stöðu heyrnarlausra í tveimur ólíkum löndum, Afríkuríkinu Úganda og vestræna ríkinu Íslandi. Athyglinni verður beint að stöðunni í Úganda en stuttir kaflar um Ísland fylgja með til samanburðar. Farið er yfir stöðuna almennt, fjölda heyrnarlausra, ólíkar ástæður heyrnarleysis í þróunarlöndum og vesturlöndum og skýringar á því raktar. En aðal efni ritgerðarinnar eru menntakerfin í hvoru landi fyrir sig og stefnur í skólumálum. Farið er yfir sögu menntunar fyrir heyrnarlausra og gerð grein fyrir þeim kennslustefnum sem koma við sögu. Til viðbótar eru teknir fyrir þættir sem vega þungt í úgöndsku samfélagi, alnæmi og staða kvenna með stöðu hóps heyrnarlausra í huga. Stefnur stjórnvalda eru lítillega skoðaðar og sett fram gagnrýni á framtaksleysi í málefnum heyrnarlausra í Úganda. Viðhorf til heyrnarleysis eru tekin fyrir og hver munurinn sé þar á milli landanna. Í því skyni eru tekin viðtöl við einstaklinga frá hvoru landi og upplifun þeirra borin saman.

Leitast verður við að svara því í hverju munurinn á stöðu heyrnarlausra í þessum tveimur löndum felst. Niðurstaða mín er sú að þróunin í Úganda er að flestu leyti komin styttra á veg en á Íslandi, undantekning er viðurkenning á táknmáli sem móðurmáli. Að öðru leyti er staðan mun verri í Úganda þegar kemur að flestum málum, sérstaklega menntamálum og réttindum.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Þakkir	5
1. Inngangur	6
2. Almenn um heyrnarleysi.....	7
3. Um Úganda	8
3.1 Menntakerfi í Úganda	9
4. Ástæður heyrnarleysis.....	11
4.1 Ástæður heyrnarleysis í Úganda og öðrum þróunarlöndum	11
4.2 Ástæður heyrnarleysis á Íslandi og vestrænum ríkjum.....	12
5. Fólki með fötlun á Íslandi og í Úganda.....	13
5.1 Staða heyrnarlausra og menntunartækifæri þeirra í Úganda.....	13
5.2 Staða heyrnarlausra og menntunartækifæri á Íslandi.....	14
6. Stefnur í menntamálum heyrnarlausra	15
6.1 Raddmálsstefnan	15
6.2 Alhliða tjáskipti.....	16
6.3 Tvítýngisstefnan.....	16
6.4 Skóli án aðgreiningar	17
7. Saga menntunar heyrnarlausra	18
7.1 Saga menntunar heyrnarlausra í Úganda	18
7.2 Núverandi stefna í menntun heyrnarlausra í Úganda.....	19
7.3. Saga menntunar heyrnarlausra á Íslandi	21
8. Viðhorf til heyrnarleysis og heyrnarlausra	22
8.1 Líf heyrnarlauss manns í Úganda	24
8.2 Að fæðast heyrnarlaus á Íslandi	25
8.3 Samanburður á upplifun þessara tveggja manna úr tveimur ólíkum menningarheimum	26
9. Réttindi og önnur málefni	26
9.1 Alnæmi.....	28
9.2 Heyrnarlausar konur.....	29
10. Lokaorð	30
Heimildaskrá.....	32

Þakkir

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Rannveigu Sverrisdóttur fyrir góða leiðsögn og hvatningu. Ég vil þakka Noah Ahereza og Ambrose Murangira fyrir að taka vel á móti mér og kynna fyrir mér heim heyrnarlausra í Úganda. Einnig vil ég þakka fjölskyldunni sem ég dvaldi hjá, Paul Kinobi og Jennifer, Stephen Bwete og fjölskyldu og öllum þeim sem tóku svo vel á móti mér í Úganda.

Ég vil þakka viðmælendum mínum tveimur fyrir góð svör. Síðan vil ég þakka systur mínum Auði Öglu Óladóttur fyrir alla hjálpa og hvatninguna og Ylfu Rún Óladóttur fyrir hjálplegar umræður og stuðning. Síðan vil ég þakka þabba mínum, Óla Jakobi Hjálmarssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar og móður minni Ásu Margréti Ásgrímsdóttur fyrir allan stuðninginn.

1. Inngangur

Í nútíma samfélagi standa ekki allir jafnir og ýmis atriði varðandi útlit, uppruna eða stöðu manna eru dregin fram til góðs eða ills. Að vera heyrnarlaus fylgir að vera í minnihlutahópi og í veikari stöðu en aðrir í samfélaginu. Þetta á við um öll lönd í heiminum. En margt er þó að breytast til hins betra. Með tilkomu táknmálstúlka geta heyrnarlausir tekið þátt í samfélaginu eins og aðrir og tæknin gerir samskipti sífellt auðveldari milli heyrnarlausra og heyrandi. Heyrnarlausir tilheyra litlu samfélagi innan hins stóra samfélags og eru viðhorf heyrandi oft neikvæð í garð heyrnarlausra. Fordómar og ranghugmyndir eru enn til staðar og brotið er á réttindum heyrnarlausra um allan heim daglega, til dæmis varðandi reglur um textað efni í sjónvarpi og möguleika á menntun.

Í þessari ritgerð mun ég bera saman Afríkuríkið Úganda við Ísland í tengslum við stöðu heyrnarlausra. Skoðað verður menntakerfi landanna beggja, réttindi heyrnarlausra og tekin viðtöl við tvo heyrnarlausa einstaklinga, sinn frá hvoru landi. Ástæðan fyrir vali viðfangsefnisins er áhugi minn á Úganda þar sem ég bjó í hálf tveim árum á veturinn 2006 til 2007 og fór síðan aftur í stutta ferð árið 2008, gagngert til að kynna mér stöðu heyrnarlausra þar. Kynni mín af landinu, heyrnarlausu fólki í Úganda og menningu þjóðarinnar vöktu áhuga minn á efninu og til að fá raunsæja mynd af stöðunni ákvað ég að bera Úganda saman við stöðuna hér á Íslandi. Áhugavert er að bera stöðu heyrnarlausra saman þar sem löndin eru talsvert ólík og jafnframt er verið að bera saman vestrænt ríki og þróunarland. Reynt er að skýra frá þeim þáttum sem eru ólíkir milli landanna en einnig hvað hópar heyrnarlausra í ólíkum löndum eiga sameiginlegt. Áhersla er lögð á menntun fyrir heyrnarlausa en fleiri þættir sem ég taldi mikilvæga, svo sem réttindamál, alnæmi og staða kvenna eru einnig teknir fyrir. Leitast verður við að svara því hver munurinn er á stöðu heyrnarlausra á Íslandi, sem er vel stætt vestrænt ríki, og í Úganda, afrísku þróunarlandi.

Það var erfitt að nálgast heimildir um stöðu heyrnarlausra í Úganda og hér er að miklu leyti stuðst við heimildir af netinu. Til að bæta upp skort á heimildum voru einnig tekin viðtöl við heyrnarlausa einstaklinga í Úganda og þau nýtt til að afla vitneskju um ýmis atriði.

2. Almennt um heyrnarleysi

Árið 2005 áætlaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, að um 278 milljónir manna í heiminum væru með meðal til alvarlega heyrnarskerðingu og 80% þeirra byggju í þróunarlöndum.¹ Ástæðurnar fyrir því að fleira heyrnarskert fólk er í þróunarlöndum en á vesturlöndum eru fyrst og fremst fátækt, lélegt menntakerfi og takmarkað aðgengi að læknishjálp.

Það eru ekki til nákvæmar tölur yfir fjölda heyrnarlausra í hverju landi fyrir sig, hvorki hér á Íslandi né í Úganda. Fjöldi heyrnarlausra og eða heyrnarskertra fer eftir því hvort miðað er við heyrn einstaklinga í desibelum eða hvort flokkað er eftir því hvaða samskiptaleið viðkomandi notar, táknmál eða raddmál. Það er einnig misjafnt við hvaða desibel-mörk er miðað við og þá er talað um allt frá 5% til 20% þjóðar sé með heyrnarskerðingu.² Rúmlega 2% Íslendinga nota heyrnartæki en stór hluti þeirra er fólk sem hefur smám saman tapað heyrn með aldrinum og notar ekki táknmál til samskipta. Að meðaltali fæðast um 6-10 börn með einhvers konar heyrnarskerðingu á Íslandi á hverju ári og síðan bætast nokkur við sem missa heyrn seinna.³ Það er þó aðeins hluti af þessum hópi fólks sem hefur táknmál sem fyrsta mál og telja sig tilheyra málminnihlutahópi.

Í þessari ritgerð er fyrst og fremst verið að ræða um þá einstaklinga sem nota táknmál til samskipta og telja sig tilheyra málminnihlutahópi, með öðrum orðum lítur á sjálfa sig menningarlega heyrnarlaus. Hugtakið döff hefur verið notað af heyrnarlausum yfir þá sem tilheyra menningu heyrnarlausra til aðgreiningar frá þeim sem eru með heyrnarskerðingu en tilheyra ekki samfélagi heyrnarlausra. Það er talið að um 200-300 séu í þeim hópi á Íslandi. Í Úganda er áætlað að um 500 þúsund manns hafi skerta heyrn og þar af séu 300 þúsund sem tali táknmál, eru döff.⁴

Hver og einn einstaklingur hefur þörf fyrir að tilheyra samfélagi þar sem að hann er samþykktur og finnur til samkenndar. Það er enn meiri þörf fyrir heyrnarlausum að hafa

¹ World Health Organization: „Deafness and hearing impairment”

² Heyrnar- og talmeinstöð Íslands 2008

³ Heyrnar- og talmeinstöð Íslands: „Heyrnarskerðing”

⁴ Ahereza Noah 2010

samfélag með öðrum heyrnarlausum vegna stöðu þeirra í hinu stóra samfélagi. Orðið döff hefur jákvæða merkingu og heyrnarlausir sem nota það eru stoltir af sinni menningu. Sameiginlegt tungumál, táknmálið og sú reynsla að lifa í samfélagi heyrandi tengir heyrnarlausu einstaklinga sterkum böndum. Heyrnarlausir sem tilheyra samfélagi heyrnarlausra vilja líta á sjálfa sig sem hluta af málminnihlutahópi en ekki hópi fólks með fötlun. Samfélag heyrnarlausra berst fyrir sameiginlegum málum og gegn fordómum og heyrnarlausir vilja fá táknmál viðurkennt sem sitt fyrsta mál og fullnægjandi túlkþjónustu til að geta tekið þátt í þjóðfélaginu til jafns á við aðra.⁵ Þetta viðhorf er gagnstætt því viðhorfi að heyrnarleysi sé fötlun, eitthvað sem þarf að lækna. Þrátt fyrir þetta þá eru málefni heyrnarlauss fólks jafnan talin með í málaflokki fólks með fötlun⁶ og er því innan þessarar skilgreiningar þegar rætt er um fólk með fötlun í þessari ritgerð. Hugtakið heyrnarlaus verður hér eftir jafnframt notað yfir þá einstaklinga sem telja sig döff og nota táknmál sem aðaltjáskiptamiðil.

3. Um Úganda

Úganda er land í miðri Austur-Afríku og þar búa um 30 milljónir manns af ýmsum ættbálkum. Mörg ólík tungumál eru töluð í landinu en enska er opinbert mál. Fólksfjöldun mikil, en að meðaltali fæða konur sjö börn og dánartölur þokast niður á við.⁷ Flestir Úgandabúar búa í dreifbýli eða um 87% þjóðarinnar. Úganda er eitt af fátækustu ríkjum í heimi og þó að markmið ríkisstjórnarinnar um að útrýma fátækt hafi borið árangur er enn langt í land⁸ og ennþá lifir um 31% þjóðarinnar á innan við 1 amerískum dal á dag (127,6 kr.) sem er undir alþjóðlegum fátæktarmörkum. Mæðra- og ungbarnadauði er hár en yfir 400 konur á hverja 100 þúsund deyja við fæðingu.⁹ Alnæmi, malaría, berklar og aðrir sjúkdómar valda örbirgð og ótímabærum dauðsföllum.¹⁰ Um

⁵ Júlía Guðný Hreinsdóttir 2006.

⁶ Lane ofl. 1996:232

⁷ Iceida. Þróunarsamvinnustofnun Íslands: „Úganda“

⁸ Hulda Proppé 2003:34

⁹ *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:3.2:15

¹⁰ Hulda Proppé 2003:40

helmingur þjóðarinnar er á aldrinum 0-18 ára¹¹ en lífslíkur eru aðeins um 50 ár.¹² Til samanburðar eru lífslíkur á Íslandi um 80 ár.¹³

Bretar tóku völdin í Úganda árið 1894 og landið var bresk nýlenda fram til ársins 1962 þegar það fékk sjálfstæði á ný. Bretar gáfu Búganda ættbálknum völdin sem auðgaðist fram yfir aðra ættbálka. Þetta leiddi til átaka milli ættbálka og þegar landið varð sjálfstætt blossaði upp valdastríð milli þeirra. Miklar pólitískar og efnahagslegar hörmungar dundu yfir landið og þjóðin þjáðist fyrst í stjórnartíð Milton Obote og síðar Idi Amin. Ofbeldi og ofsóknir ríktu og efnahagslegt ástand í landinu var bágborið. Hagur landsins fór ekki að vánkast fyrr en núverandi forseti landsins, Yoweri Kaguta Museveni tók völdin 1986. Síðan þá hefur efnahagslegt ástand landsins þokast í rétta átt og ýmsar breytingar orðið til batnaðar.¹⁴ Það hefur þó geisað stríð í norðurhluta landsins í um tuttugu ár þar sem Hinn kristilegi andspyrnuher (LRA) hefur staðið í stríði og ráðist á saklaust fólk og rænt börnum.¹⁵ Enn hafa ekki náðst samningar við leiðtoga hersins en nú, má segja að sæmilegur friður ríki á svæðinu. Stríðið hefur haft gríðarlegar afleiðingar á líf fólks, margir hafa dáið, aðrir glíma við fatlanir og það á enn eftir að taka langan tíma fyrir fólk í þessum landshluta að vinna sig upp úr andlegum afleiðingum langvarandi stríðsástands.¹⁶ Þó að ástandi sé að batna í landinu er margt sem skortir, fjöldi fólks býr við sára fátækt og menntunarkerfið óviðunandi.

3.1 Menntakerfi í Úganda

Menntun er eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar í Úganda og hafa slík mál notið forgangs í fjárveitingum.¹⁷ Menntakerfið í Úganda var sett á laggirnar upp úr 1960. Skólastig skiptast í leikskóla, grunnskóla sem nær frá 1. til 7.bekkjjar og næsta skólastig þar á eftir kallast gagnfræðastig (e. secondary *school*). Fyrir þá nemendur sem klára það skólastig er menntun í háskóla eða önnur menntun í boði svo sem iðnmenntun, kennaramenntun eða tæknimenntun, og einstaklingur getur valið nám við sitt hæfi og

¹¹ Hulda Proppé 2003:8

¹² World Health Organization: „Uganda”

¹³ World Health Organization: „Iceland”

¹⁴ Hulda Proppé 2003:14-18

¹⁵ Hulda Proppé 2003:22

¹⁶ *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:3.6.3:31-32

¹⁷ Kristensen o.fl. 2006:140

á hugasvið.¹⁸ Þrátt fyrir þetta kerfi er skólaganga ekki almenn og alls ekki allir sem geta séð börnum sínum fyrir skólagöngu.

Árið 1997 voru sett lög um að grunnmenntun skyldi vera ókeypis fyrir fjögur börn innan hvernar fjölskyldu. Lögin kveða á um að jafnt skuli vera með stelpum og stráku og ef barn með fötlun er í fjölskyldunni skal það njóta forgangs.¹⁹ Nemendum í grunnskóla fjölgaði með setningu þessara laga en einungis er frítt í fyrsta skólastig grunnskóla og aðeins um 40% prósent þeirra sem klára grunnskólastig halda áfram á næsta stig. Skólum á öðru stigi menntunar hefur fjölgað en þeir ráða ekki við þann fjölda sem þó útskrifast úr grunnskólum og hefur vilja og tækifæri til að halda áfram námi. Aðeins um 25% þeirra sem síðan útskrifast úr gagnfræðastigi grunnskólans halda áfram í námi í háskóla eða hljóta aðra „hærri“ menntun.²⁰ Árið 2008 voru um 16 þúsund²¹ grunnskólar með samtals tæp 8 milljón nemendur.²² Fjöldi nemenda á kennara er mjög misjafn og er frá 27 í höfuðborginni Kampala og upp í allt að 100 nemendur á kennara í norðurhluta landsins þar sem staðan er verst.²³ Það bera að taka fram að það er há tíðni brottfalls nemenda þegar líður á skólaárin, sem líklega má rekja til ýmissa þátta sem einkenna skólastarf í fátæku landi.

Samkvæmt lögum um menntun barna skal tryggja aðgengi, jafnræði, gæði og gildi en núverandi menntakerfi stendur ekki undir þessari kröfu. Kennarar fá léleg laun, skólastofurnar eru ófullnægjandi, fjárveitingar til skólanna koma of seint, hreinlætisaðstæður eru ófullnægjandi, skólabækur og ritföng skortir og ekkert eftirlit né matskerfi er með skólum. Einnig er skortur á hádegismat fyrir börnin sem hefur áhrif á einbeitingu, líðan og getu þeirra. Niðurstaðan er sú að flest börn eru aðeins í skólanum hálfan daginn, því að sum þeirra fara og leita sér að mat meðan önnur sitja í tímum, ófær um að einbeita sér vegna hungurs. Þessir þættir valda lélegri frammistöðu nemenda og hárri tíðni brottfalls²⁴ en árið 2008 voru um 1,9 milljón barna í fyrsta bekk en aðeins um

¹⁸ My Uganda: „Education in Uganda”

¹⁹ Kristensen o.fl 2006:140

²⁰ My Uganda: „Education in Uganda”

²¹ *The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008:18

²² *The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008:23

²³ *The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008:43

²⁴ The New Vision 2009

515 þúsund í sjöunda bekk.²⁵ Lélegt menntakerfi sést einnig á því að gífurlega margir eru ólæsir, 34% kvenna 20% karlanna.²⁶

Það er því greinilegt að ennþá er margt sem þarf að bæta og staðan er mjög slæm, í því sambandi er vert að minna á að skólaganga er sjálfsögð hér á Íslandi og allir eiga rétt á grunnmenntun og hafa tækifæri til framhaldsmenntunar.

4. Ástæður heyrnarleysis

4.1 Ástæður heyrnarleysis í Úganda og öðrum þróunarlöndum

Talið er að um fjögur börn af hverjum 1000 séu með heyrnarskerðingu í þróunarlöndum á meðan talan er 1 á móti 1000 í vestrænum eða þróuðum ríkjum.²⁷ Ástæðurnar fyrir því að það eru fleiri heyrnarlausir í þróunarlöndum en annars staðar eru að minna er um bólusetningar, sjúkdómar eru tíðari og fólk hefur ekki ráð á læknishjálp. Vannæring og margir sjúkdómar sem hægt er að koma í veg fyrir ógna heilsu barna í þróunarlöndunum²⁸ sem þekkist ekki hérlandis. Mislingar, hettusótt, rauðir hundar og heilahimnubólga eru þeir sjúkdómar sem aðallega valda heyrnarskaða í ungum börnum. Í flestum tilvikum er erfitt og kostnaðarsamt að nálgast bólusetningar.²⁹ Fátækt veldur því að foreldrar leita of seint eða aldrei til læknis með börnin sín og í þökkabót er aðgengi að læknishjálp og heyrnartækjum takmarkað.³⁰ Það væri hægt að lækka tilfellum heyrnarskerðingar um helming með réttri læknisaðstoð, forvörnum og snemmgreiningu.³¹

Þrátt fyrir heyrnarleysi af völdum ýmissa sjúkdóma sem hér voru nefndir eru það alvarlegar og endurteknar sýkingar í eyrum eru algengasti orsakavaldur heyrnarskerðingar í þróunarlöndum.³² Hreinlæti og aðgengi að hreinu vatni eru

²⁵ *The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008:23

²⁶ Sjöberg: „Our political leaders respect us”

²⁷ Zeng 1996

²⁸ Kiyaga og Moores 2003:4

²⁹ Deaf Link Uganda: „Message from the Executive Director”

³⁰ Kiyaga og Moores 2003:4

³¹ Disease Control Priorities Project: „Nature, Causes and Epidemiology of Hearing Loss”

³² World Health Organization: „Deafness and hearing impairment”

mikilvægir þættir til að minnka hættu á sýkingum en aðeins um helmingur Úgandabúa hefur aðgengi að hreinu vatni.³³ Því er mikilvægt að efla fræðslu um hvernig vernda má heyrn meðal heilbrigðisstarfsfólks í Úganda og öðrum þróunarríkjum. Nýbura- eða snemmgreining er mikilvægur þáttur þar sem að það greinir heyrnarskerðingu snemma á æviskeiði. Sé heyrnarskerðing greind snemma, fyrir 6 mánaða aldur, er líklegra að barnið öðlist betri málþroska en annars og það leiðir aftur til betri möguleika á að tileinka sér fræðsluefni sem leiðir til betri menntunar og atvinnutækifæra heldur en ef það er greint eftir 6 mánaða aldur.³⁴

Mikilvægi þessa felst í því að barn nær ekki fullum tókum á móðurmáli sínu nema að máltakan fari fram fyrir 4-6 ára aldur. Samskipti eru nauðsynleg til þess að barnið geti lært sitt móðurmál, í samskiptum við fólk læra börn orðaforða málsins og margar málfræðireglur þess. Það er mikilvægt að börn fái góðar málfyrirmyndir vegna þess að börn sem mikið er talað við og lesið fyrir öðlast betri færni í tungumálinu heldur þau börn sem er lítið sinnt.³⁵ Þess vegna er mjög mikilvægt að greina heyrnarskerðingu snemma á æviskeiði, en það þarf kunnáttu til þess að framkvæma heyrnarmælingu þannig að niðurstaðan sé verði rétt og heyrnarmæling er kostnaðarsöm í framkvæmd. Heyrnarmælingar í þróunarlöndum eru oft ónákvæmar og geta allt að 50% heyrnarskerðingar farið framhjá í mælingunum.³⁶

Í þróunarlöndum er vanþekking á mikilvægi þessara þátta og hætta er á að foreldrar sendi heyrnarlaus börn sín seint í skóla en þar komast þau flest fyrst í tengsl við táknmál. Nauðsynlegt er að fræða foreldra um mikilvægi þess að heyrnarlaust barn fái mál og efla málkennslu fyrir yngstu börnin þar sem það hefur áhrif á allan þroska þess.

4.2 Ástæður heyrnarleysis á Íslandi og vestrænum ríkjum

Staðan er talsvert önnur hér á Íslandi og hefur börnum sem fæðast heyrnarlaus fækkað mikið á síðustu árum vegna bólusetninga gegn sjúkdómum svo sem rauðum hundum,

³³ Hulda Proppé 2003:41

³⁴ Disease Control Priorities Project: „Nature, Causes and Epidemiology of Hearing Loss”

³⁵ Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:30-31

³⁶ Disease Control Priorities Project: „Nature, Causes and Epidemiology of Hearing Loss”

hettusótt og heilahimnubólgu. Þannig hefur verið komið í veg fyrir heyrnarleysi af völdum þessara sjúkdóma og í dag talið að orsakir heyrnarleysis séu genatengd, eða í 80% tilvika³⁷ og nú fæðast aðeins um það bil tvö heyrnarlaus börn á ári og flest þeirra fara í kuðungsígræðslu.³⁸ Kuðungsígræðsla er aðgerð þar sem heyrnartæki eru ígrædd við eyra viðkomandi sem veita heyrnarlausum möguleika á að heyra hljóð³⁹ en kuðungsígræðsla er nánast óþekkt í þróunarlöndum vegna hve kostnaðarsöm hún er.⁴⁰ Mikilvægi málþroska á unga aldri er almennt þekkt og lagt áhersla á að heyrnarlaus börn fái málfyrirmyndir til að læra fullgilt táknmál.

5. Fólki með fötlun á Íslandi og í Úganda

Fólk með fötlun er um það bil 10% af fólki í heiminum og 75% þeirra búa í þróunarlöndum. Fólk með fötlun, óháð því hvar í heiminum það býr, er líklegra til að vera atvinnulaust, hafa minni menntun, vera ólæst og hafa síður aðgang að þjónustu en annað fólk. Fötlun er bæði orsök og afleiðing fátæktar, að búa við fátækt, þar sem hreinlæti er bágborið og skortur á lækniástoð eykur líkurnar á því að fólk verði fatlað og jafnframt er einstaklingur með fötlun líklegri til að vera fátækur vegna minni menntunar- og atvinnutækifæra en ófatlaðir einstaklingar. Þessari hringrás er viðhaldið með neikvæðum viðhorfum samfélagsins, félagslegri einangrun, og mismunun á mannréttindum.⁴¹ Fólk með fötlun er minnihlutahópur í hvaða landi sem er og er í meiri hættu á að vera mismunandi en öðrum þjóðfélagsþegnum.

5.1 Staða heyrnarlausra og menntunartækifæri þeirra í Úganda

Stjórnvöld í Úganda hafa áætlað fjölda fólks með fötlun í Úganda og árið 2005 til 2006 var talið að 7,1 % þjóðarinnar væri með einhverja fötlun. Tíðnin er mishá eftir landssvæðum en hæst er hún í Norður-Úganda vegna langvarandi stríðsátaka sem hafa

³⁷ Guðrún Gísladóttir 2010

³⁸ Reynir Berg Þorvaldsson 2010:117

³⁹ Heyrnar- og talmeinaástoð Íslands: „Ígrædd heyrnartæki“

⁴⁰ Zeng 1996

⁴¹ *Disability Scoping Study. Final Report 2009:3.1:5-7*

valdið margvíslegri fötlun hjá stórum hópi fólks.⁴² Af um það bil 8 milljón nemendum sem eru í grunnskóla í Úganda eru um 180 þúsund nemendur með fötlun og 29,6 % þeirra eru með heyrnarskerðingu, eða um 54 þúsund nemendur. Börnum með heyrnarskerðingu fækkar ört á efri skólastigum en árið 2008 voru alls 11 þúsund nemendur á fyrsta ári í grunnskóla heyrnarskertir en aðeins tæp 3 þúsund á síðasta ári grunnskóla.⁴³

Árið 1992 þegar var lögð áhersla á að menntun væri fyrir alla og ríkisstjórnin skuldbatt sig til að veita öllum börnum grunnmenntun í 1.-7.bekk óháð getu, kynþætti, fæðingarstað og kyni voru í lögnum jafnframt ákvæði um skyldur ríkisstjórnarinnar til að styðja við stofnanir sem veita menntun fyrir fólk með fötlun. Einnig fólst í lögnum að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir kennara vegna fatlaðra barna, styðja fólk með fötlun í almenna skóla og stofna sérskóla eða deildir þar sem þess væri þörf.⁴⁴ Grundvallarmannréttindi fólks með fötlun eru skýrt viðurkennd í stjórnarskrá Úganda frá árinu 1995 og í frekari lagasetningum um réttindi til dæmis með lagagerðinni Fólki með fötlun (e. *People with disabilities Act*) frá 2006.⁴⁵ Einnig voru börn með fötlun í forgangi í menntunarlögnum árið 1997 um ókeypis grunnmenntun fyrir fjögur börn í fjölskyldu og síðan árið 2003 hefur verið ókeypis menntun fyrir öll börn í grunnskóla og ekki lengur krafa um skólabúning.⁴⁶ Það hefur gefið fátækum fjölskyldum möguleika á að senda börn sín í skóla.

5.2 Staða heyrnarlausra og menntunartækifæri á Íslandi

Réttindi fólks með fötlun eru í stjórnarskrá Íslands frá 1992 um að fólki með fötlun skuli tryggt jafnrétti á við annað fólk.⁴⁷ Réttindi fólks með fötlun eru til aðgengis, bæði aðgengi að byggingum og aðgengi að upplýsingum, réttur til menntunar, heilbrigðisþjónustu, framfærslu og félagsþjónustu, atvinnu, fjölskyldulífs, barneigna og að eiga eigið heimili.⁴⁸ Á Íslandi fá heyrnarlausir örorkubætur sem eru launatengdar og

⁴² *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:3.1:7

⁴³ *The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008:37

⁴⁴ Kristensen o.fl.:2006:139-140

⁴⁵ *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:1.2:6

⁴⁶ Avenstrup o.fl. 2004:11

⁴⁷ Alþingi 1992

⁴⁸ Mannréttindaskrifstofa Íslands: „Réttindi fatlaðra”

eru hugsaðar sem öryggisnet fyrir heyrnarlausu.⁴⁹ Börn með fötlun fá jöfn tækifæri og önnur börn og komið er til móts við mismunandi þarfir þeirra.

6. Stefnur í menntamálum heyrnarlausra

Eins og áður kom fram er mikilvægt að barn fái móðurmál snemma á æviskeiði. Á meðan heyrandi börn fá eðlilega málörvun í gegnum heyrnina strax frá fæðingu þá skortir oft samsvarandi örvun fyrir heyrnarlaus börn. Í þróunarlöndum er vanþekking á mikilvægi þessa meðal foreldra, lækna og annarra umönnunaraðila ríkjandi. Um 95 % allra heyrnarlausra barna í heiminum eiga heyrandi foreldra sem tala ekki táknmál og það þýðir að í flestum tilvikum fær barn ekki málörvun á sínum fyrstu árum. Það gerir hlutverk skólans varðandi málþroska heyrnarlausra enn mikilvægara en ella. Skólinn þarf að veita barninu fullgilt mál áður en því er kennt annað mál, mikilvægt er að skólinn veiti táknmálsumhverfi sem gefur barninu móðurmál og miðla um leið námsefninu.⁵⁰

Í heiminum hafa miklar deilur ríkt um hvaða leið sé best í menntun heyrnarlausra og er aðal ágreiningur á milli raddmálssinna og táknmálssinna. Raddmálssinnar álíta að heyrnarlausir verði að aðlaga sig að heyrandi fólki og raddmálinu en táknmálssinnar berjast fyrir rétti heyrnarlausra til þess að nota sitt tungumál. Báðar stefnurnar hafa sína kosti og galla en hvorug þeirra nær því fram sem ætti að vera markmið í kennslu barna⁵¹ Hér verður í stuttu máli farið yfir helstu kennslustefnur í menntun heyrnarlausra.

6.1 Raddmálsstefnan

Raddmálsstefnan er stefna sem miðar að því að kenna heyrnarlausum að tala með rödd og táknmál er alveg bannað. Þessi stefna fékk byr undir báða vængi þegar táknmál var bannað á ráðstefnu í Mílanó 1880⁵² og hún breiddist út um allan heim og varð ríkjandi í menntun heyrnarlausra í um 100 ár. Hugmynd raddmálsstefnunnar var að veita heyrnarlausum einstaklingum raddmál til að geta átt samskipti á ríkjandi raddmáli,

⁴⁹ Reynir Berg Þorvaldsson 2010:115

⁵⁰ Adoyo 2002:88

⁵¹ Devlieger 1994:90

⁵² Sawuka 1994:794

táknmál og tákn voru alfarið bönnuð en einblínt á varalestur og að læra að tala með rödd. Það að kenna heyrnarlausum börnum með raddmáli er mjög erfitt bæði fyrir nemendur og kennara. Svo mikil orka og tími fer í það að reyna skilja málið að innihald kennslunnar fer að miklu leyti forgörðum. Einnig kemst ekki nema takmarkað af merkingu raddmáls til skila með því að lesa af vörum.⁵³ Raddmálsstefnan hafði mikil neikvæð áhrif á menningu heyrnarlausra og sjálfsmynd þeirra um allan heim og raunveruleg menntun varð afar lítil vegna þess að mesti tíminn fór í að kenna heyrnarlausum að tala með rödd. Þessu var einnig svona farið á Íslandi.⁵⁴

6.2 Alhliða tjáskipti

Uppúr 1970 fór stefnan alhliða tjáskipti víða að taka við af raddmálsstefnunni. Alhliða tjáskipti snúast um að nota allar leiðir; táknmál, raddmál, skrift og fingrastöfun. Það góða sem stefnan bar með sér var að táknmál var ekki lengur bannað en eftir sem áður var raddmálið áfram grunnur í kennslu. Sú kennsluaðferð sem varð í raun fyrir valinu var að tala raddmál og láta tákn fylgja.⁵⁵ Orðaröð raddmálsins er fylgt, táknum sleppt úr og kennarar stefnunnar virðast einnig hunska sjónrænar málfræðireglur táknmálsins. Þegar kennarinn talar tvö mál í einu kemst takmarkað til skila sem veldur því að flókið kennsluefni er óskiljanlegt fyrir heyrnarlausum nemendum. Það þýðir að ómögulegt var fyrir nemendum að skilja flóknar hugmyndir og hugtök eða flóknar útskýringar og menntunin skilaði ekki þeim árangri sem til var ætlast.⁵⁶

6.3 Tvítyngisstefnan

Uppúr 1980 fór að myndast ný stefna, tvítyngi og er hún víða farin að taka við af alhliða tjáskiptum, sérstaklega á Norðurlöndum. Kennsluaðferðin miðar að því að kenna raddmál og táknmál jafnt. Það er vonast til að tvítyngisstefnan nái því markmiði að finna lausn á kennslu fyrir heyrnarlausum. Tvítyngi hefur það að markmiði að kenna táknmál og ríkjandi

⁵³ Devlieger 1994:89-90

⁵⁴ Reynir Berg Þorvaldsson 2010:62-64

⁵⁵ Lane ofl. 1996:214

⁵⁶ Ladd 2003:148

raddmál sem jafngild mál.⁵⁷ Tvítyngisstefnan leggur áherslu á hlutverk heyrnarlausra fullorðinna einstaklinga sem málfyrirmyndir fyrir yngri börn. Það er talið mikilvægt fyrir barn að fá fullgilt táknmál sem sitt móðurmál og grunn til þess að ná tökum á öðru tungumáli.⁵⁸

Enn sem komið er hefur stefnan ekki náð því markmiði að ná fram fullnægjandi táknmálsumhverfi vegna þess að ekki er til nóg af heyrnarlausum kennurum, heyrandi kennarar kunna lítið táknmál og kunna ekki aðferðir tvítyngisstefnunnar.⁵⁹ Stefnan er farin að teygja anga sína til Afríku en hingað til hafa sömu atriði takmarkað gæði stefnunnar til að uppfylla kröfur um viðunandi menntun.⁶⁰

6.4 Skóli án aðgreiningar

Víða í heiminum er stefnt að því hafa skóla án aðgreiningar og þannig hefur menntun heyrnarlausra verið háttáð hér á Íslandi síðan Vesturhlíðaskóli var sameinaður Hlíðaskóla.⁶¹ Í hugmyndinni um skóla án aðgreiningar felst að allir nemendur geti sótt sinn hverfissskóla óháð fötlun, greind og málþroska. Skólar eiga að koma til móts við sérþarfir einstaklinga og jafnræði á að ríkja milli nemanda. Hlutverk skóla án aðgreiningar er að sjá til eðlilegrar félagslegrar blöndunar og að undirbúa nemendur fyrir samfélagið.⁶²

Það eru bæði kostir og gallar við tvær gerðir skóla; skóla án aðgreiningar og sérskóla. Merki eru um að sérskólar ýti undir félagslega einangrun þar sem þar verður engin félagsleg blöndun barna með fötlun og barna án fötlunar en það er aðaltilgangur skóla án aðgreiningar. Með félagslegri blöndun er unnið gegn fordómum og börn með fötlun læra að lifa í samfélaginu utan stofnana. En það er ekki nóg að setja börn með fötlun í almennan skóla og vona að hann spjari sig heldur þarf skólinn og menntakerfið að standa undir þörfum allra nemendanna. Sérþarfir, eins og táknmál, verður að vera hluti af skóla

⁵⁷ Ladd 2003:xix

⁵⁸ Adoyo 2002:88

⁵⁹ Ladd 2003:xix

⁶⁰ Kristensen o.fl 2006:140

⁶¹ Hlíðaskóli: „Hugmyndafræði táknmálssviðs.“

⁶² Arthur Morthens og Gretar L. Marinósson 2002

án aðgreiningar sem þýðir að kennarar þurfa að hafa góða færni í táknmáli. Menntun án aðgreiningar mun aðeins ná sínum tilætlaða árangri ef að mannauður og fjármagn er til staðar. Án þess eru börn með fötlun í almennum skólum líkleg til að fá lakari menntun og einangrast.⁶³ Ljóst er að blöndun nemenda með fötlun og án fötlunar myndi leiða af sér jákvæða þætti svo sem minni fordóma, en veita verður heildrænt táknmálsumhverfi í almennum skólum svo að stefnan beri tilætlaðan árangur. Án þess er enn þörf fyrir sérskóla.

7. Saga menntunar heyrnarlausra

7.1 Saga menntunar heyrnarlausra í Úganda

Menntun fyrir heyrnarlausra í Austur-Afríku hófst með komu heyrandi trúboða frá Evrópu á 19.öld. Fyrstu skólarnir voru stofnaðir upp úr 1950 fyrir nemendur með heyrnarskerðingu.⁶⁴ Trúboðarnir báru með sér þær kennsluaðferðir sem voru ríkjandi í þeirra heimalandi á þessum tíma sem var í flestum tilvikum raddmálsstefnan.

Bæði vegna raddmálskennslustefnunnar og því að kennsla beindist aðallega að heyrnarlausum börnum ríks fólks á þéttbýlissvæðum á meðan meirihluti heyrnarlausra bjó í dreifbýli hagnaðist aðeins brot heyrnarlausra í Austur-Afríku á menntuninni. Kennsla fyrir heyrnarlausra hófst ekki fyrir alvöru fyrr en Andrew Foster, heyrnarlaus, amerískur blökkumaður og trúboði kom til Afríku árið 1957. Hann hafði mikil áhrif á kennslu fyrir heyrnarlausra í allri álfunni og lagði áherslu á að heyrnarlausir væru ekki heimskir, þeir gætu lært og þeim væri hægt að kenna. Hann bar með sér nýja kennslustefnu og stofnaði 31 skóla fyrir heyrnarlausra víðs vegar um Afríku.⁶⁵ Alhliða tjáskipti bárust þannig til Úganda. Fyrsti skóli fyrir heyrnarlausra í Úganda var stofnaður árið 1959 fyrir tilstilli Mrs. Julian Lule sem var móðir tveggja heyrnarlausra barna og upp frá því voru fleiri skólar stofnaðir.⁶⁶

⁶³ *Disability Scoping Study. Final Report 2009:1.2:8-9*

⁶⁴ Kristensen o.fl. 2006:141

⁶⁵ Kiyaga og Moores 2003:1

⁶⁶ *UNAD Information Hand Book. [Án árs]:14*

7.2 Núverandi stefna í menntun heyrnarlausra í Úganda

Með komu Andrew Fosters til Austur-Afríku batnaði kennslustefnan því byrjað var að nota táknmál í kennslu⁶⁷ síðan þá hefur skilningur á mikilvægi táknmáls aukist en ennþá er víða áhersla á raddmál. Raddmálsstefna eða alhliða tjáskipti er enn ríkjandi í flestum skólum og því fá heyrnarlaus börn ekki fullgilt mál.⁶⁸ Til viðbótar eru heyrnartæki af skornum skammti og skortur á faglærðum aðilum til að sjá um viðhald og viðgerðir á þeim, en það er hluti af raddmálsstefnunni að heyrnarlausir styðjist við heyrnartæki eins mikið og mögulegt er.⁶⁹ Núverandi framleiðsla á heyrnartækjum dugar einungis fyrir 10% af þörfinni í heiminum og í þróunarlöndum er aðeins einn sem á heyrnartæki af hverjum 40 sem gætu nýtt sér slík tæki.⁷⁰

Eins og víðast hvar annars staðar telja yfirvöld í flestum Afríkuríkjum að skóli án aðgreiningar sé rétta leiðin í skólastarfi og að það eigi að setja heyrnarlaus nemendur með heyrandi í skóla. Það hefur þó ekki tekist vel þar sem í almennum skólum er ekki þekking til staðar meðal starfsfólks á börnum með sértækar þarfir, ekki er gerð greining á þörfum barnanna og skortur er á hjálpartækjum. Kostirnir við sérskóla umfram skóla án aðgreiningar er heildstætt táknmálsumhverfi fyrir heyrnarlaus og þar eru tveir kennarar í hverjum bekk og nemendur fá meiri athygli. Menntunin er þó heldur ekki fullnægjandi í sérskólum í Úganda því þar er einnig til staðar skortur á fjármagni, námsefni og algengt að foreldrar hafi neikvætt viðhorf til skólanna. Aðallega eru um að ræða heimavistarskóla og börn þurfa oft að ferðast langt frá heimilum sínum og missa oft tengsl við foreldra og fjölskyldur sínar.⁷¹

Óskýr stefna yfirvalda í Úganda í menntamálum heyrnarlausra, neikvæð viðhorf, skortur á kennslugögnum og kennurum ásamt framkvæmdaleyfi á lögum landsins veldur því að enn eru 90% heyrnarlausra í Úganda eru ólæs, kunna ekki að telja upp að tíu eða tákna sitt eigið nafn.⁷² Meiri hluti heyrnarlausra barna hefur enga menntun og í dreifbýli er

⁶⁷ Adoyo 2002:84

⁶⁸ Adoyo 2002:92

⁶⁹ Devlieger 1994:89-90

⁷⁰ World Health Organization: „Deafness and hearing impairment“

⁷¹ Kristensen o.fl 2006:139-144

⁷² Alldeaf 2007

staðan mun verri, fátækt mikil og lítil eða engin þjónusta við hóp heyrnarlausra.⁷³ Tækifæri til menntunar fyrir heyrnarlausa eftir grunnskóla takmarkast ennþá að mestu leyti við iðnaðarstörf svo sem trésmíði, múraraíðn eða gerð múrsteina.⁷⁴ Það var ekki fyrir en 2006 að stofnaður var fyrsti gagnfræðaskólinn fyrir heyrnarlausa og var hann stofnaður af heyrnarlausu fólki. Fyrir þann tíma sóttu þeir nemendur sem það gátu gagnfræðamenntun í nágrennalandinu Kenýa. Nú eru um það bil 45 grunnskólar og tveir gagnfræðaskólar þar sem er kennsla fyrir heyrnarlausa.⁷⁵

Stefna ríkisstjórnarinnar um að grunnnám sé fyrir öll börn⁷⁶ hefur fjölgað börnum í grunnnámi en ennþá er mörgu ábótavant og mörgum börnum gagnast ekki námið sem í boði er. Þrátt fyrir að börn með fötlun eigi að njóta forgangs þá á það eingöngu við um aðgang í almenna skóla og þar fá þau ekki þá aðstoð sem þau þurfa. Jafnframt er skortur á húsnæði og algengt er að bekkir séu yfirfullir með marga tugi barna í einum bekk en einungis einn kennari sé til staðar. Þar sem menntun í sérskóla er ekki ókeypis eiga fátækar fjölskyldur þess ekki kost að senda heyrnarlaus börn sín í sérskóla⁷⁷ heldur er eina ráðið að senda þau í almenna skóla þar sem þau eiga erfitt uppdráttar í raddmálsumhverfinu. Einnig telja margir foreldrar heyrnarlausra barna að þau geti ekki lært og því sé ekki til neins að senda þau í skóla. Mörg þessara barna eru því skilin eftir heima og látin sinna störfum þar.

Það er þó von um að ástandið muni breytast og virðist vera sterkur stjórnmálalegur vilji til þess. Til dæmis eru í Úganda 7 skólar á háskólastigi og þar af einn þeirra, Makerere talinn einn besti háskóli í Afríku.⁷⁸ Einnig eru háskólar í Úganda með kvótakerfi sem gerir fólki með fötlun auðveldara um vik að komast að. Fatlaðir einstaklingar sem ná að klára grunn- og gagnfræðamenntun þurfa ekki jafn háar einkunnir og fá auðveldar styrki en aðrir. Stjórnvöld í Úganda gera ráð fyrir að um 300 einstaklingar með fötlun séu í háskóla og þar af 10-15 heyrnarlausir. Heyrnarlausir fullorðnir einstaklingar hafa tækifæri á meiri menntun með túlkun en vandinn liggur í því að þeir þurfa að kosta þjónustuna að

⁷³ Kiyaga og Moores 2003:4

⁷⁴ Kiyaga og Moores 2003:4

⁷⁵ Ahereza Noah 2010

⁷⁶ Hulda Proppé 2003:34-36

⁷⁷ Sjöberg: „Our political leaders respect us”

⁷⁸ Hulda Proppé 2003:34-36

hluta til sjálfir.⁷⁹ Einnig er erfitt að fá táknmálstúlk, það vantar fleiri túlka og það skortir fjármagn til að kosta túlkaþjónustuna. Þó svo að einstaklingur með fötlun sé menntaður er erfitt að fá vinnu þegar skóla lýkur en ekkert kvótakerfi eða stuðningur frá ríkinu er við skipun fólks í störf.⁸⁰ Fólk er síður reiðubúið að ráða einstakling með fötlun í vinnu þar sem það telur að einstaklingurinn ráði ekki við vinnuna.

7.3. Saga menntunar heyrnarlausra á Íslandi

Ekki er vitað mikið um menntun heyrnarlausra fyrr á öldum en formleg menntun heyrnarlausra á Íslandi hófst ekki fyrr en 1867. Fyrir þann tíma voru heyrnarlausir nemendur sendir til Danmerkur í skóla en ljóst var að það var óhentugt að senda börn langa leið frá Íslandi⁸¹ Því var ákveðið árið 1867 að skipa kennara hér á Íslandi til að sjá um menntun heyrnarlausra. Skólaskyldu fyrir heyrnarlaus börn á aldrinum 10-14 ára var komið á 1872, en það er athyglisvert að það var mörgum árum áður en almenn skólaskylda varð að lögum.⁸² Fram til 1922 var heyrnarlausum kennt fingramál og kennsluáðferðir voru í anda táknmálsstefnunnar en þáverandi skólastjóri, Margrét Rasmus innleiddi svokallað *Mund-Haand-system*, sem hún lærði í Danmörku. Það var áðferð sem miðaði að því að kenna heyrnarlausum að tala með rödd og lesa af vörum en handahreyfingar voru sýndar með yfir þau hljóð sem erfiðast er að skilja með varalestri. Það er hægt að segja að með þessu hafi táknmálsstefnan blandast raddmálsstefnunni sem síðan átti eftir að taka við hér á Íslandi í takt við þróunina í heiminum.⁸³ Árið 1944 barst raddmálsstefnan hingað og táknmál var bannað í skólastjórnartíð Brands Jónssonar. Undir lok stjórnartíð sinnar gaf Brandur þó eftir og árið 1982 þegar hann lét af embætti hafði hann breytt um skoðun og taldi að nauðsynlegt væri að kenna litlum börnum táknmál.⁸⁴ Árið 1971 var heyrnarlausum gert kleift að stunda framhaldsnám að loknu grunnskólanámi. Það var stofnuð framhaldsdeild fyrir nemendur 16-23 ára og fengu þeir stuðning frá Heyrnleysingjaskólanum í því námi sem þeir höfðu áhuga á.⁸⁵ Síðan frá 1991 var gátu nemendur sótt framhaldsnám í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem að

⁷⁹ Wallin o.fl 2006:8

⁸⁰ Sjöberg „Our political leaders respect us”

⁸¹ Reynir Berg Þorvaldsson 2010:7-8

⁸² Sama rit:15-24

⁸³ Sama rit:46-47

⁸⁴ Sama rit:62-64

⁸⁵ Sama rit:74

túlkur var starfandi við skólann og síðar 1995, var sérstök námsbraut þar sem litið var á táknmál sem móðurmál.⁸⁶ Guðlaug Snorradóttir innleiddi síðan alhliða tjáskipti í kennslu heyrnarlausra á Íslandi og táknmál var ekki lengur bannað. Þegar Gunnar Salvarsson tók við skólastjórn Heyrnleysingjaskólans var svo tvítýngisstefnan innleidd⁸⁷ og er hún enn notuð í kennslu heyrnarlausra barna í dag. Ásamt því er skóli án aðgreiningar og heyrnarlausir ganga í Hlíðaskóla þar sem er táknmálssvið.⁸⁸

Það er ljóst að menntun heyrnarlausra hefur verið mismunandi í löndunum tveimur. Hér á Íslandi var mun fyrr gerð grein fyrir mikilvægi menntunar heyrnarlausra og að þeim væri hægt að kenna. Kennarar voru sendir til Danmerkur til að læra hvernig kenna ætti heyrnarlausum og þeir námu þær aðferðir í kennslumálum heyrnarlausra og báru með sér til Íslands. Menntun heyrnarlausra hófst ekki fyrr en uppúr 1950 í Úganda og ennþá er vanþekking á því að heyrnarlausir geti lært. Sérmenntaðir kennarar eru fáir og Úganda er einnig á eftir í kennslustefnum og á langt í land með að ná að innleiða tvítýngisstefnuna og skóla án aðgreiningar. Það er skortur á menntun fyrir heyrnarlausa eftir grunnmenntun í Úganda og erfitt að fá túlk en á Íslandi geta heyrnarlausir nú farið í þann menntaskóla sem þeir vilja og farið í hvaða nám sem er og þurfa ekki að borga sjálfir fyrir túlkþjónustuna.

8. Viðhorf til heyrnarleysis og heyrnarlausra

Upplifun heyrnarlausra á mismunun kemur fram hjá samtökum heyrnarlausra í Úganda, Deaf Link, sem telja að ástæðan fyrir því liggir í neikvæðum viðhorfum samfélagsins til heyrnarleysis.⁸⁹ Samfélagið hefur neikvæða mynd af hópnum heyrnarlausra, og þeir oft álitnir annars flokks þegnar. Litið er á hóp heyrnarlausra með vanvirðingu og eru þeir hafðir að spotti, vanræktir og beittir tilfinningalegu og líkamlegu ofbeldi.

⁸⁶ Sama rit:89

⁸⁷ Sama rit:78-80

⁸⁸ Hlíðaskóli: „Táknmálssvið“

⁸⁹ Deaf Link: „About Us“

Fordómafull orð eru notuð í Úganda og víðar í Austur-Afríku yfir heyrnarlausa einstaklinga, orð sem þýða; heimskingi, brjáluð manneskja eða einskis virði. Sums staðar er heyrnarlaust fólk er aldrei kallað sínu skírnamafni heldur alltaf kallað „þetta”.⁹⁰ Í Swahili sem er víða talað í Austur-Afríku, hefur viðskeytið „vi“ sem merkir „skortur á heilindum“ verið notað yfir fólk með fötlun. Hópur fólks með fötlun hefur barist gegn þessu og notar frekar orð sem merkja „þeir sem sjá ekki“ eða „þeir sem heyra ekki”.⁹¹ Það er heldur ekki langt síðan niðurlægjandi orð voru notuð yfir fólk með fötlun hér á Íslandi, orðið málleysingi hefur til dæmis verið fellt úr málinu og frekar talað um heyrnarlausa.⁹² Einnig er farið að forðast að tala um fatlað fólk og nota frekar hugtakið fólk með fötlun. Ástæðan fyrir því er sú að fólk með fötlun vill líta á sig fyrst og fremst sem einstaklinga en ekki með fötlunina sem aðaleinkenni.

Neikvæð viðhorf í garð fólks sem tilheyrir minnihlutahópum tengist oft menntunarstigi þeirra sem líta niður á aðra. Í landi þar sem að fjöldi fólks hefur ekki neina menntun og er ekki upplýst um orsakir fötlunar eða um sjúkdóma er því eðlilegt að það leiti annarra skýringa. Í Afríku eru viðhorf til fötlunar oft ólík vestrænum viðhorfum að því leyti að rík áhersla er lögð á spurninguna af hverju barn fæðist fatlað. Reynt er að finna líklegar útskýringar og tengja við annað en vísindalegar útskýringar sem nægja Vesturlandabúum. Fötlunin er tengd við umhverfið, fjölskylduna, forfeður eða Guð⁹³ og trúin á galdra og fjölkynngi er oft notuð til að útskýra ógæfu, svo sem dauða eða veikindi.⁹⁴ Það er talið bölvun að eignast fatlað barn og foreldrar upplifa oft skömm og vilja fela barnið fyrir öðrum.⁹⁵ Á svæðum þar sem að lækniástoð er ekki til staðar og sjúkdómar og dauðsföll daglegt brauð finnur fólk fyrir þörf á útskýringum.⁹⁶ Það telst ólíklegt að slíkar hugmyndir um galdur og fjölkynngi hverfi að sjálfu sér og því nauðsynlegt að veita fólki menntun og fræðslu um málefni fólks með fötlun til að vinna gegn fordómum sem af þeim hljóttast. Það er þó mikilvægt að virða hefðir í landinu og koma til móts við þær.

⁹⁰ Deaf Link: „Message from the Executive Director”

⁹¹ Devlieger 1994:91

⁹² Júlía Guðný Hreinsdóttir 2006.

⁹³ Devlieger 1994:86

⁹⁴ Middleton og Winter 1963:8-10

⁹⁵ Kiyaga og Moores 2003:6

⁹⁶ Beattie 1963:50-51

Til að skoða betur upplifun heyrnarlausra einstaklinga í þessum tveimur löndum tók höfundur viðtal við tvo einstaklinga á sama aldri og kyni í hvoru landi. Vert er að taka fram að þetta er aðeins upplifun tveggja einstaklinga og er því aðeins persónuleg upplifun þeirra en gefur ekki fullnægjandi mynd af lífi heyrnarlausra í löndunum almennt.

8.1 Líf heyrnarlauss manns í Úganda

Höfundur tók viðtal við ungan heyrnarlausan mann frá Úganda og ræddi um það hvernig hann upplifir að vera heyrnarlaus í Úganda. Hann er einn af fáum heyrnarlausum einstaklingum í Úganda sem hafa gengið í háskóla og hefur lokið meistaraþrófi í því sem nefnist *Social Sector Planning and Management*. Hann varð heyrnarlaus þegar hann var tólf ára gamall vegna hettusóttar. Hann man að móðir hans fékk mikið áfall þegar hún fann út að hann var orðinn heyrnarlaus og varð mjög sorgmædd. Hún fór með hann á marga af stærstu spítölum og fór meðal annars til Kenýa til að leita hjálpar en fékk engin úrræði. Hann fór ekki í sérskóla vegna þess að hann vildi ganga í sama skóla og systkini sín. Þar fékk hann enga sérkennslu heldur las það sem skrifað var á töfluna og stundum gat hann hitt kennarana í frítíma til að fá nánari útskýringar.

Hann sagðist vera stoltur af því í dag að vera heyrnarlaus vegna þess að hann hefur afrekað meira en heyrandi vinir hans. En þegar hann var yngri, áður en hann kynntist menningu heyrnarlausra og lærði tákni, segir hann að heyrnarleysið hafi fyllt sig vonleysi sem leiddi til þess að hann hætti í skóla á tímabili.

Hann talar um tækifæri heyrnarlausra í dag til að berjast fyrir réttindum sínum vegna þess að Úganda hefur sett lög sem varða réttindi fólks með fötlun. Hann er ánægður með að í dag geti hann farið á þing, geti keyrt bíl eins og aðrir og tekið þátt í stjórnmálaumræðu sem var ekki möguleiki fyrir fáum árum. En þrátt fyrir lög sett um réttindi fólks með fötlun þá liggja vandamálið í framkvæmd þeirra og margt skorti ennþá. Til dæmis varðandi túlkþjónustu heyrnarlausra. Hann segist geta fengið túlk í háskólanum en einungis þegar hann átti pening til að borga fyrir túlkunina vegna þess að háskólinn borgi ekki fyrir nemendur sem studdir eru af einkaaðilum.

Varðandi viðhorf til heyrnarlausra þá upplifir ungi maðurinn það svo að margt fólk líti á heyrnarlausu sem einskis virði en það fari þó eftir menntun viðkomandi. Þeir sem eru vel menntaðir líti á heyrnarlausu sem hluta af samfélaginu en ómenntað fólk líti niður á þá og uppnefni þá nöfnum, svo sem „kasiru“ sem þýðir heimskur á luganda, tungumáli sem víða er talað í Úganda. Þetta viðhorf sé þó að breytast með framþróun þjóðarinnar.

8.2 Að fæðast heyrnarlaus á Íslandi

Höfundur tók einnig viðtal við ungan, heyrnarlausan, íslenskan mann um hvernig honum finnst að vera heyrnarlaus á Íslandi. Hann nefndi að margt væri erfitt í tengslum við að heyra ekki og finnst lífið á Íslandi vera krefjandi og mikið af hindrunum sem þarf að berjast á móti. Hann nefndi hversu fáir heyrnarlausir eru hérlendis og óvissuna um framtíð samfélags heyrnarlausra. Hann er sáttur við menntunina sem hann hefur fengið, en hann fór í skóla heyrnarlausra, þar sem stefnan var alhliða tjáskipti þar sem töluð var íslenska og táknmál samtímis. Markmiðið hafi verið að kenna nemendum á íslensku með táknmáli. Námskráin var sú sama og í almennum skólum, eini munurinn var að kennt var með táknum. Síðar man hann þegar kennarinn hætti að nota röddina í kennslu og tvítýngisstefnan var innleidd.

Bæði í grunnskóla og framhaldsskóla var táknmálsumhverfi til staðar. Í framhaldsskóla voru fleiri heyrnarlausir nemendur í bekknum og þar var alltaf túlkur í tímunum. Honum finnst það hafa verið þroskandi að kynnast heyrandi nemendum og vera bæði í íslenskuumhverfi og táknmálsumhverfi. Telur hann þessa blöndun góða og að jafnvægi hafi ríkt milli táknmáls og raddmáls.

Þegar kemur að tækifærum í lífinu telur viðmælandi að hann hafi fengið sömu tækifæri og heyrandi fólk þar sem að námið hafi verið það sama og í almennum skólum. Hins vegar séu tækifæri heyrnarlausra ekki þau sömu og heyrandi þegar kemur að aðgengi að samfélaginu. Hann langar að geta fylgst með því sem gerist í samfélaginu, til dæmis vita um hvað fólk talar um í útvarpinu. Hann nýtir sér einnig netið til upplýsingaöflunar og samskipta en vonast þó eftir frekari tækniframförum og að í framtíðinni verði til tæki sem að þýðir frá raddmáli yfir á texta til að heyrnarskertir geti fylgst með öllu.

Það var auðvitað verið áfall fyrir fjölskylduna þegar hann var greindur heyrnarlaus á unga aldri en foreldrar hans lærðu tákni. Varðandi viðhorf gagnvart heyrnarlausum á Íslandi finnst honum fólk fráhverft og hrætt við að kynnast einstaklingum sem eru öðruvísi og nefnir að það sé betra að tala við útlendinga. Að fólk bregðist illa við í byrjun og að það taki smá tíma að venjast. Hann telur að almenningi finnst sorglegt að vera heyrnarlaus og vorkenni þeim, jafnvel meira en blindum og að það gæti verið vegna þess að fólk getur ekki ímyndað sér hvernig er að heyra engin hljóð en geti lokað augum og skilið hvernig er að vera blindur.

8.3 Samanburður á upplifun þessara tveggja manna úr tveimur ólíkum menningarheimum

Viðhorf þessara einstaklinga eru ólík gagnvart því að vera heyrnarlaus og lýsir aðeins um leið ólíkri stöðu landsins varðandi heyrnarlausu. Íslendingurinn virðist gera meiri kröfur um aðgengi að upplýsingum og vera meðvitaðri um réttindi sín á meðan Úgandabúinn er þakklátari fyrir það sem er í boði. Hann hefur fengið tækifæri sem fáir í hans stöðu í Úganda hafa, svo sem tækifæri á háskólamenntun og ökuréttindi. Íslendingnum finnst það sjálfsagt að fá menntun eins og aðrir og vill fá fullkomið aðgengi að öllum upplýsingum. Þetta lýsir því hve baráttan er komin á veg í löndunum, í Úganda eru fáir heyrnarlausir sem eiga kost á að mennta sig og það þykir því enn í dag forréttindi að ná svo langt. En á Íslandi er menntun nú orðin sjálfsagður hlutur fyrir alla og sífellt fleiri heyrnarlausir fara í háskóla og njóta jafnræðis við aðra nemendur með ókeypis túlkabjónustu.

9. Réttindi og önnur málefni

Þrátt fyrir að staða heyrnarlausra í Úganda sé slæm eins og komið hefur fram, er hreyfing fólks með fötlun í Úganda er ein sú sterkasta í Afríku og skipar stórt hlutverk í að efla

réttindabaráttu fólks með fötlun víðar í heimsálfunni.⁹⁷ Kvótakerfi hefur verið sett á til að tryggja jafnræði fólks með fötlun, kvenna, ungs fólks og vinnufólks, á stjórnmalavettvangi og í menntamálum. Þetta hefur skilað árangri og aukinni bjartsýni. Ákveðinn fjöldi fólks með fötlun fær sæti sem fulltrúar í hverjum landshluta á hverju valdastigi.⁹⁸ Þetta leiðir til þess að fólk með fötlun getur haft mikilvæg áhrif en um 50 þúsund manns með fötlun eru í stjórnmalum í Úganda í dag og taka þátt í stjórnmalum á hinum ýmsu stigum.⁹⁹ Á þessu kjörtímabili (fram til ársins 2011) situr einn heyrnarlaus maður á þingi.¹⁰⁰ Þessir einstaklingar eru mikilvægir í því að efla umræðu um málefni fólks með fötlun og sjá til þess að lögum sé framfylgt og réttindi virt. Stjórnmalapátttaka fólks með fötlun er mikilvægur liður í að búa til samfélag þar sem jafnræði ríkir.

Túlkapjónusta er mikilvægur liður í því að tryggja aðgengi heyrnarlausra að samfélaginu. Túlkamenntun á háskólastigi var sett á laggirnar árið 2002 og er tveggja ára diplománám. Heyrnarlausir hafa í auknum mæli látið til sín taka á ýmsum sviðum á undanförunum árum og það kallar á menntaða túlka og faglega túlkun. Það sem skortir enn er að heyrnarlausir fái rétt á túlkapjónustu án þess að þurfa að greiða úr eigin vasa.¹⁰¹ Á Íslandi er táknmalstúlkamenntun í Háskóla Íslands og heyrnarlausir eiga rétt á túlkapjónustu í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Síðan er ákveðin upphæð í félagslegum sjóði þar sem að heyrnarlausir geta pantað túlk í annars konar verkefni, svo sem veislur eða námskeið eða fyrirlestra.¹⁰²

Réttur heyrnarlausra til að læra á bíl var settur á í Úganda árið 2000¹⁰³ en ennþá hafa einungis innan við 20 manns ökuskírteini þar sem að fæstir hafa efni á að borga fyrir ökukennslu, prófið og hvað þá bíl. Þrátt fyrir það er þetta mikilvægt skref í baráttunni um réttindi fyrir heyrnarlausra.¹⁰⁴ Á Íslandi var réttur heyrnarlausra til að keyra bíl settur á árið 1965 og þótti það breyta miklu.¹⁰⁵

⁹⁷ *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:1.2:9

⁹⁸ Sjöberg: „Our political leaders respect us”

⁹⁹ *Disability Scoping Study. Final Report* 2009:3.4:17

¹⁰⁰ Ahereza Noah 2010

¹⁰¹ Wallin o.fl. 2006:6-7

¹⁰² Alþingi: „Frumvarp til laga”

¹⁰³ Sjöberg: „Our political leaders respect us”

¹⁰⁴ Ahereza Noah 2010

¹⁰⁵ Reynir Berg Þorvaldsson 2010:101

Það má ekki gleyma mikilvægu réttindamáli fyrir heyrnarlausra út um allan heim, en það er viðurkenning á tungumáli þeirra, táknmálinu. Þó megi undra er Úganda á undan Íslandi í þeim efnum og var eitt af fyrstu löndum heims að viðurkenna þennan rétt heyrnarlausra. Úgandska táknmálið USL var viðurkennt sem mál heyrnarlausra árið 1995 og hópur heyrnarlausra var með þeim lögum viðurkenndur sem minnihlutahópur með eigið tungumál. Einnig var það yfirlýsing stjórnvalda til stuðnings við táknmál og við heyrnarlausra, í tengslum við efnahagsmál, félagsmál og stjórnsmál. Á Íslandi hefur táknmál ekki enn verið viðurkennt og er það eitt að aðalbaráttumálum heyrnarlausra í dag.

Táknmál var í sjónvarpi þar sem að túlkur túlkaði kvöldfréttir en árið 2006 var því breytt vegna fjárhagserfiðleika þrátt fyrir að lagagrein síðan 1998 kveði á um aðgengi fyrir heyrnarlausra og nú er einungis vikuleg þrjátíu mínútna samantekt á táknmáli á einkarekinni sjónvarpsstöð.¹⁰⁶ Heyrnarlausir missa því af mikilvægum skilaboðum í gegnum sjónvarp. Á Íslandi eru staðan ekki mikið betri en táknsmálsfréttir hafa verið síðan 1980 og eru um tíu mínútna langar. Ennþá er takmarkað íslenskt efni textað og er það eitt af baráttumálum heyrnarlausra á Íslandi, aukin textun myndi líklega fylgja í kjölfarið á viðurkenningu táknsmáls.¹⁰⁷

Til að reyna rétta bága stöðu heyrnarlausra í Úganda hafa Svíar unnið þróunarstarf þar og stutt fólk í Úganda í baráttunni við fátækt, og unnið ýmis verkefni sem tengjast félagsþjónustu og mannréttindum.¹⁰⁸ Danir, *Danish Deaf Association* hafa einnig unnið með heyrnarlausum í Úganda og var unnið að gerð táknsmálsorðabókar undir umsjá Lars Wallin.¹⁰⁹

9.1 Alnæmi

Alnæmisfaraldurinn er alvarlegasta ógn við líf fólks í Úganda í dag. Nánast hver einasta fjölskylda hefur orðið fyrir missi og víða eru munaðarlaus börn eftir í umsjá aldraðra þar

¹⁰⁶ Wallin o.fl. 2006:6

¹⁰⁷ Reynir Berg Þorvaldsson. 2010:120-122

¹⁰⁸ Sjöberg: „Fact about Uganda”

¹⁰⁹ Wallin o.fl. 2006:v

sem kynslóð ungs fólks hefur þurrkast út. Þrátt fyrir bága stöðu hefur tekist að draga úr smittíðni í Úganda og er landið eitt það fremsta í baráttunni gegn alnæmi. Öflugri herferð var fljótt komið af stað eftir að faraldurinn kom upp og í henni felst opin umræða um kynlíf, smitleiðir og varnir. Á alþjóða vettvangi hefur Úganda hefur fengið hrós fyrir árangur í baráttunni gegn HIV.¹¹⁰

Aftur á móti hefur ekki tekist að minnka tíðni hiv smits hjá hópi heyrnarlausra. Þessi hópur fólks hefur orðið útundan vegna þess að upplýsingum er aðallega miðlað til almennings í gegnum fjölmiðla, útvarp, sjónvarp og auglýsingar.¹¹¹ Í Úganda hafa heyrnarlausir takmarkað aðgengi að menntun og heilsugæslu¹¹² vegna samskiptaerfiðleika við heilbrigðisstarfsfólk. Vanþekking á alnæmi ásamt fátækt sem er algeng meðal heyrnarlausra, leiðir til þess að margir sleppa því að fara og leita læknishjálpar.¹¹³ Til viðbótar hefur einnig sú ranghugmynd verið uppi að heyrnarlausir stundi almennt ekki kynlíf og eigi þar af leiðandi ekki hættu á að smitast.¹¹⁴ Ekki eru til tölur um fjölda heyrnarlausra sem eru smitaðir af alnæmi í Úganda en það verður að teljast líklegt að hlutfall þeirra sé hærra en almennt vegna þess hversu veik staða þeirra er. Konur eru verr staddar en karlmenn hvað varðar ofbeldi og kúgun. Og staðan er enn verri fyrir heyrnarlausar konur.

9.2 Heyrnarlausar konur

Heyrnarlausar konur í Afríku sunnan Sahara er einna verst setti minnihlutahópur í heiminum. Þær eru líklegri en aðrar til að vera beittar kynferðislegu ofbeldi og jafnvel þó þær viti af hættunni á hiv smiti skortir þær vald til að verja sjálfa sig. Stúlkubörn eru frekar látin vera heima og hjálpa til við að elda eða sækja vatn og svo framvegis á meðan strákar eru sendir í skóla. Konur eiga erfiðara en karlar að fá menntun og starf við hæfi og fyrir heyrnarlausar konur er þetta enn verra vegna þess að þær upplifa auk kynjamisréttis mismunun vegna heyrnarleysisins

¹¹⁰ Hulda Proppé 2003:41-43

¹¹¹ The New Vision 2006

¹¹² Deaf Link: „About Us”

¹¹³ Sjöberg: „Poverty and Disability augment HIV infection”

¹¹⁴ Deaf Link: „Message from the Executive Director”

Vegna þeirrar trúar að heyrnarleysi sé bölvun er sums staðar talið að heyrnarlaus kona ali heyrnarlaus börn. Þess vegna er þeim oft bannað að gifta sig og jafnvel taldar ófærar um að hugsa um börn og þess vegna neydd í fóstureyðing ef upp kemst um þungun.¹¹⁵ En viðhorfin eru smám saman að breytast með framþróun landsins. Enn sem komið er eru konur eru aðeins um 30% nemenda í háskólum og brot af því eru konur með fötlun en nú hafa háskólar sett á kynjakvóta til að fjölga konum í námi¹¹⁶ og því von um að þetta sé að breytast.

10. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir mikilvægustu mál sem snerta líf heyrnarlausra í Úganda og Íslandi. Eins og sést á þessari yfirferð er munurinn á stöðu heyrnarlausra í löndunum tveimur talsverður. Augljósasti munur á ríkjunum tveimur varðandi heyrnarlausa felst í tækifærum til menntunar en eins og komið hefur fram er menntakerfið í Úganda óviðunandi og hópur heyrnarlausra í sérlega veikri stöðu. Almennt er staðan í Úganda slæm og landið er meðal fátækustu ríkja heims og hefur verið neðst á hinum ýmsu listum á meðan Ísland er eitt af best stæðu ríkjum heims. Að sjálfsögðu hefur þetta áhrif á stöðu heyrnarlausra í landinu og er stór hluti af skýringunni á þeim mikla mun sem er á þessum löndum. Á Íslandi er öllum börnum tryggð grunnskólamenntun, óháð fötlun, þar sem komið er til móts við þeirra þarfir, annað hvort í almennum skóla eða í sérskólum.

Á meðan skortur á menntun og tulkapjónustu ásamt sárri fátækt herjar á samfélag heyrnarlausra í Úganda er það helst fámennið á Íslandi sem gæti ógnað samfélaginu hér. Aukin tíðni kuðungsígræðslu í börnum gæti leitt til afturhvarfs til þess viðhorfs að einblína eigi á raddmálið umfram táknmál. Á meðan táknmál hefur verið viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra í Úganda í mörg ár er enn í dag ekki búið að viðurkenna það á Íslandi. Þetta er eitt af stærstu baráttumálum á Íslandi og mikilvægt að lagalega séð öðlist heyrnarlausir fullan rétt á táknmáli. Þó að táknmál sé viðurkennt í Úganda þýðir það ekki

¹¹⁵ Deaf Link: „Message from the Executive Director”

¹¹⁶ Sjöberg: „The Minister wants to be an example to girls with disabilities”

að staða tákna máls sé betri þar en hér en þetta er ákveðin viðurkenning á tilvist heyrnarlausra.

Ég tel að staða heyrnarlausra í Úganda sé verri en hún sýnist á blaði. Auk þess að skoða staðreyndir um mál heyrnarlausra og bera saman við Ísland, kynntist ég á ferðum mínum um landið heyrnarlausu fólki af ýmsum stigum og hef heyrt hvað það hefur að segja. Ég hef skoðað aðstæður í nokkrum grunnskólum þar sem að heyrnarlaus börn voru í námi og rætt við örvæntingarfulla móður sem fékk ekki viðeigandi aðstoð fyrir heyrnarlosa dóttur sína. Einnig hitti ég margt ungt heyrnarlaust fólk sem þráði að ganga í skóla og sér það í hillinum að komast til annarra landa þar sem góð menntun er í boði.

Stefna stjórnvalda til að efla stöðu fólks með fötlun er því miður að miklu leyti aðeins orðin tóm. Segja má að staða heyrnarlausra sé góð í Úganda sé hún borin saman við önnur lönd í Afríku en ég tel að það sé ekki ásættanlegt og að gera eigi sterkari kröfur um að réttindi þessa hóps séu virt. Það má ekki gleyma hópi heyrnarlausra þó vandamálin og fátækt séu mikil. Það er til skammar að hrósa því að takist hafi að minnka tíðni alnæmissmits á meðan þúsundir íbúa landsins eru hunsaðir og smittíðni innan þess hóps hækkar. Neikvæð viðhorf almennings sýna fram á fáfræði og þau hafa mikil áhrif á stöðu þeirra sem minna mega sín. Ég vil því leggja áherslu á að þó að stefna yfirvalda hljómi vel þá er staðreyndin sú að aðeins lítið brot heyrnarlausra hefur kost á mannsæmandi menntun og fæstir kunna lesa eða skrifa. Ætli yfirvöld í Úganda að ná fram markmiðum sínum í að útrýma fátækt, bæta menntun og berjast gegn alnæmi verður að taka samfélag heyrnarlausra með í reikninginn.

Heimildaskrá

- Adoyo, Peter Oracha. 2002. Sótt 2010, 3.apríl. „Emergent Approaches towards Sign Bilingualism in Deaf Education in Kenya” *Stichproben. Wiener Zeitschrift für kritische Afrikastudien* Vefslóð:
http://www.univie.ac.at/ecco/stichproben/Nr3_OrachaAdoyo.pdf
- Ahereza Noah. 2010, 25.mars. Viðtal höfundar við Ahereza Noah um stöðu heyrnarlausra í Úganda.
- Alldeaf. 2007, 3.september. Sótt 2010, 3.apríl. „A Voice of the Voiceless - the Ignored Deaf Population in Uganda” Vefslóð: <http://www.alldeaf.com/deaf-news/39675-voice-voiceless-ignored-deaf-population-uganda.html>
- Alþingi. Sótt 2010, 1.maí. „Frumvarp til laga.” Vefslóð:
<http://www.althingi.is/altext/135/s/0012.html>
- Alþingi. 1992, 2.júní. Sótt 2010, 15.febrúar. „Lög um málefni fatlaðra.” Vefslóð:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html>
- Arthur Morthens og Gretar L. Marinósson. 2002, 30. október. Sótt 2010, 3.apríl. „Árangursríkt skólastarf og skóli fyrir alla.” Vefslóð:
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Grunnskolin/Leidbeiningar/Skjol/skolian adgrein.htm>
- Avenstrup, Roger með Xiaoyan Liang og Søren Nelleman. 2004. *Kenya, Lesotho, Malawi and Uganda: Universal Primary Education and Poverty Reduction*. Bæklingur gefin út af The International Bank for Reconstruction and Development / THE WORLD BANK. Sótt af netinu 2010, 9.apríl. Vefslóð:
<http://info.worldbank.org/etools/docs/reducingpoverty/case/58/fullcase/East%20Africa%20Edu%20Full%20Case.pdf>
- Beattie, John. 1963. „Sorcery in Bunyoro.” *Witchcraft and Sorcery in East Africa*, bls. 27-55. Ritstj. John Middleton og E.H. Winter. Routledge and Kegan Paul, London.
- Deaf Link Uganda. Sótt 2010, 14.janúar. „Message from the Executive Director” Vefslóð: http://www.deaflinkuganda.org/Executive%20Dir.html#_ftn1 og „About Us” Vefslóð: <http://www.deaflinkuganda.org/about-us.html>
- Devlieger, Patrick. 1994. „Culture-Based Concepts and Social Life in Sub-Saharan Africa.” *Deaf Way*. bls. 85-93. Ritstj. Carol J. Erting, Robert C. Johnson, Dorothy L. Smith og Bruce D. Snider. Gallaudet University Press, Washington, DC.
- Disability Scoping Study. Final Report*. 2009. Department for International Development, Uganda.
- Disease Control Priorities Project. Sótt 2010, 9.apríl. „Nature, Causes and Epidemiology of Hearing Loss” Vefslóð:
<http://www.dcp2.org/pubs/DCP/50/Section/7549>
- Guðrún Gísladóttir. 2010. Bréf til höfundar, 8.apríl.
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Sótt 2010, 8.apríl. „Heyrnarskerðing” Vefslóð:
<http://hti.is/Forsida/Heyrn/Heyrnarskerding/>
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Sótt 2010, 9.apríl. „Ígrædd heyrnartæki” Vefslóð:
<http://hti.is/Forsida/Heyrn/Kudungsigraedsla/>
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. 2008, 29.september. Sótt 2010, 10.apríl. „Tölfræði” Vefslóð: <http://www.hti.is/Forsida/Heyrn/Heyrnarskerding/Greinar/Lesa/10>

- Hlíðaskóli. Sótt 2010, 9.apríl. „Hugmyndafræði táknmálssviðs.” Vefslóð:
<http://www.hlidaskoli.is/Taknmalssvid/AlmennarUpplýsingar/> og
 „Táknmálssvið” Vefslóð: <http://www.hlidaskoli.is/Taknmalssvid/>
- Hulda Proppé. 2003. *Smárit ÞSSÍ, nr.4 Úganda*. Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Reykjavík.
- Iceida. Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Sótt 2010, 7.apríl. „Úganda” Vefslóð:
<http://www.iceida.is/samstarflond-og-verkefni/uganda>
- Júlía Guðný Hreinsdóttir. 2006. „Heyrnarlaus eða döff – ekki heyrnar- og mállaus”
Morgunblaðið, 20.júní.
- Kiyaga, Nassozi B. og Donald F. Moores. 2003. „Deafness in Sub-Saharan Africa”
American Annals of the Deaf 148.1 bls. 18-24 Vefslóð:
http://muse.jhu.edu/journals/american_annals_of_the_deaf/v148/148.1kiyaga.htm
[1](#)
- Kristensen, Kirsten., Martin Omagor-Loican, Negrís Onen og Daniel Okot. 2006.
 „Opportunities inclusion? The education of learners with special education needs
 and disabilities in special schools in Uganda.” *British Journal of Special
 Education*. 3:139-147
- Ladd, Paddy. 2003. *Understanding Deaf Culture: In Search of Deafhood*. Multilingual
 Matters, USA.
- Lane, Harlan, Robert Hoffmeister og Ben Bahan. 1996. *Journey into the Deaf-World*.
 DawnSignPress, San Diego.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. Sótt 2010, 9.apríl. „Réttindi fatlaðra” Vefslóð:
<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/fatladir/>
- Middleton, John og E.H. Winter. 1963. „Introduction.” *Witchcraft and Sorcery in East
 Africa*, bls. 1-26. Ritstj. John Middleton og E.H. Winter. Routledge and Kegan
 Paul, London.
- My Uganda. Sótt 2010, 7.apríl. „Education in Uganda” Vefslóð:
<http://www.myuganda.co.ug/edu/>
- Reynir Berg Þorvaldsson. 2010. *Saga heyrnarlausra á Íslandi*. Félag heyrnarlausra.
 Reykjavík.
- Sawuka, Aggrey A.1994. „The Oppression of Deaf People as Cultural Minorities in
 Developing Countries.” *The Deaf Way*, bls.794-799 Ritstj. Carol J. Erting, Robert
 C. Johnson, Dorothy L. Smith og Bruce D. Snider. Gallaudet University Press,
 Washington, DC.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2000. „Nokkur orð um máltöku barna” *Uppeldi* 13,3:30-33.
- Sjöberg, Malena. [Án árs]. „Our political leaders respect us”, „Poverty and Disability
 augment HIV infection”, „Fact about Uganda”, „The Minister wants to be an
 example to girls with disabilities” og „A little girl came knocking at Florence’s
 door.” *Handling Culture and Identity*. Bæklingur gefin út af Shia.
- Shia. Svenska Handikapporganisationers Internationella Biståndsförening. Sótt
 2010, 2.apríl. Vefslóð:
<http://webcache.googleusercontent.com/search?q=cache:swvV-KIoE3UJ:www.shia.se/files/Handling%2520Culture%2520and%2520Identity%2520text%2520only%2520with%2520photo%2520descriptions.doc+handling+culture+and+identity+text+only+with+photo+descriptions&cd=4&hl=en&ct=clnk>
- The New Vision. 2006, 2.júní. Sótt 2010, 2.apríl. „AIDS threatens Deaf” Vefslóð:
<http://www.newvision.co.ug/D/8/13/501888>

- The New Vision. 2009, 28.janúar. Sótt 2010, 13.febrúar. „Poor PLE results a sign of flaws in UPE” Vefslóð: <http://www.newvision.co.ug/D/8/459/669529>
- The Uganda Educational Statistics Abstract*. 2008. Sótt 2010, 2.apríl. Ministry of Education and Sports. Vefslóð: http://www.education.go.ug/2008_Abstract/Primary_2008_PDF.pdf
- UNAD Information Hand Book*. [Án árs]. Bæklingur gefinn út af Uganda National Association of the Deaf. Sótt af netinu 2010, 3.febrúar. Vefslóð: <http://www.unadug.net/publications.php>
- Wallin, Lars, Dorothy Lule, Sam Lutalo og Bonnie Busingye. 2006. *Uganda Sign Language Dictionary*. Sign Language Research Project Kyambogo University, Kampala.
- World Health Organization. Sótt 2010, 19.apríl. „Deafness and hearing impairment” Vefslóð: <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs300/en/>
- World Health Organization. Sótt 2010, 19.apríl. „Iceland” Vefslóð: <http://www.who.int/countries/isl/en/>
- World Health Organization. Sótt 2010, 19.apríl. „Uganda” Vefslóð: <http://www.who.int/countries/uga/en/>
- Zeng, Fan-Gang. 1996. Sótt 2010, 6.apríl. „Cochlear Implants in Developing Countries.” Vefslóð: http://www.healthaffairs.uci.edu/hesp/publications/cochlear_implants_in_developingmain.htm